

Reglur um meistaranám við Landbúnaðarháskóla Íslands

1. gr. Um námið. Markmið

Við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) er unnt að leggja stund á meistaranám á fræðasviðum náttúruvísinda (undirflokkar: náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði, landgræðslufræði, umhverfisskipulag og skipulagsfræði) og auðlinda- og búvísinda (undirflokkar: búvísindi og hestafræði), þar sem framhaldsnámsnefnd (sjá 2. gr.) metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Markmið meistaranáms við Landbúnaðarháskóla Íslands er að veita nemendum haldgóða og víðtæka menntun sem dýpkar þekkingu á ákveðnu fræðasviði og nýtist í frekara námi eða starfi.

Tvær megingerðir MS náms eru í boði við LbhÍ: i) nám á skipulögðum MS brautum þar sem námsbrautarstjórar annast daglegt utanumhald og ii) einstaklingsmiðað rannsóknatengt meistaranám á fræðasviðum LbhÍ.

Umsjónarmaður framhaldsnáms og framhaldsnámsnefnd fara með málefni allra meistaranema í umboði deildar og fylgjast með framvindu nemenda og rannsóknarverkefna allt frá mótun verkefnis til ritgerðarskrifa, lokaprófs og varnar.

2. gr. Framhaldsnámsnefnd Landbúnaðarháskóla Íslands

Í framhaldsnámsnefnd sitja umsjónarmaður framhaldsnáms, sem tilnefndur er af deild og skipaður af rektor til tveggja ára í senn, sem jafnframt er formaður, sviðsstjóri rannsóknamála, sviðsstjóri kennslu- og gæðamála, fulltrúi námsbrautarstjóra MS brauta, og fulltrúar framhaldsnámsnema af meistara- og doktorsnámsstigi. Jafnframt situr í nefndinni einn fulltrúi Háskóla Íslands tilnefndur af Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands, en hann situr eingöngu fundi sem varða málefni doktorsnema og það sama gildir um fulltrúa doktorsnema.

Framhaldsnámsnefnd fer með málefni meistaranáms í umboði deildar í samræmi við erindisbréf. Hlutverk hennar er að móta og hafa áhrif á stefnu og markmið námsins og stýra ferli umsókna um meistaranámið. Auk þess hefur nefndin það hlutverk að fylgjast með því að hæfilegs samræmis sé gætt í meistaranámi á fræðasviðum skólans.

Framhaldsnámsnefnd fjallar jafnframt um meiriháttar málefni einstakra meistaranemenda og ágreiningsmál sem upp kunna að koma í framkvæmd meistaranámsins. Minni háttar mál afgreiðast af viðkomandi námsbrautarstjóra (ef um nemanda af MS braut er að ræða), umsjónarmanni framhaldsnáms (ef um MS nema í rannsóknatengdu námi er að ræða), kennslustjóra og sviðsstjóra kennslu- og gæðamála í sameiningu. Úrskurðum þeirra má áfrýja til framhaldsnámsnefndar, og úrskurðum nefndarinnar má áfrýja til deildarráðs.

3. gr. Inntökuskilyrði

Til að innritast í meistaranám við Landbúnaðarháskóla Íslands skal nemandi hafa lokið viðurkenndu bakkalárprófi á fræðasviðinu sem meistaranámið skal byggjast á eða hafa bakkalárgráðu á tengdu fræðasviði með fyrstu einkunn hið minnsta. Bakkalárgráða sem leggja skal til grundvallar meistaranámi verður að vera veitt af viðurkenndum háskóla.

4. gr. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur um meistaranám er að jafnaði 15. apríl og 15. október. Heimilt er að taka við umsóknum um meistaranám á öðrum tímum.

5. gr. Meðferð umsókna

Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu eða hjá kennsluskrifstofu. Með umsókn skulu fylgja afrit af prófskírteinum svo og ferilskrá (CV) umsækjanda, auk annarra fylgiskjala sem krafist er vegna einstaklingsmiðaðs rannsóknatengds MS náms.

Áður en sótt er um einstaklingsmiðað rannsóknatengt meistaranám er nauðsynlegt að nemandi hafi kynnt sér vandlega sérvið kennara og rannsóknavettvang og hafi haft samband við mögulegan umsjónarkennara/leiðbeinanda hjá LbhÍ og fengið samþykki fyrir að viðkomandi verði ábyrgðarmaður verkefnisins.

Með umsókn um einstaklingsmiðað rannsóknatengt meistaranám skulu einnig fylgja afrit af CV væntanlegs aðalleiðbeinanda, starfi hann utan LbhÍ, og fyrstu drög að náms- og rannsóknaráætlun, undirrituð af nemanda og leiðbeinanda. Í námsáætlun skal taka fram helstu námskeið og hvenær og við hvaða stofnun þau verði tekin. Heimilt er að taka hluta meistaranáms við aðra háskóla ýmist hérlendis eða erlendis eftir því sem við á hverju sinni.

Ferli umsókna um meistaranám við LbhÍ er eftirfarandi:

- a) Umsóknin er skráð hjá kennsluskrifstofu og gengið er úr skugga um að hún sé fullnægjandi m.t.t. hvort umsækjandi uppfylli almenn inntökuskilyrði skv. 3. gr. reglna þessara. Kennsluskrifstofa fær þegar það á við frumgögn umsóknar metin af matsskrifstofu Háskóla Íslands til að staðfesta uppruna þeirra, meta gildi prófskírteina og námsgráða og staðfesta að gögn umsækjanda uppfylli formkröfur.
- b) Kennsluskrifstofa sendir síðan umsóknir um meistaranám til framhaldsnámsnefndar til umfjöllunar og afgreiðslu. Framhaldsnámsnefnd fer yfir umsóknir og hafnar umsókn ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu til deildar, sem staðfestir afgreiðsluna.
- c) Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst. Synji deild nemanda inngöngu skal hún rökstyðja niðurstöðu sína. Afgreiðslu umsóknar skal í öllum tilvikum tilkynna til kennsluskrifstofu.
- d) Nemandi sem samþykktur hefur verið í einstaklingsmiðað rannsóknatengt MS nám skal fullgera náms- og rannsóknaráætlun sína fyrir lok fyrsta misseris og skal hún þá send umsjónarmanni framhaldsnáms og framhaldsnámsnefnd til umfjöllunar og staðfestingar.
- e) Allar meiriháttar breytingar á náms- og rannsóknaráætlun á síðari stigum námsins eru háðar samþykki framhaldsnámsnefndar.

6. gr. Einingafjöldi, tímalengd og framvinda náms

Meistarapróf byggist að jafnaði á 120 námseiningum, og er námstími ekki skemmri en tvö ár. Heimilt er að gera ráð fyrir lengri námstíma en tveim árum enda sé það í samræmi við samþykktu námsáætlun. Heimilt er að meistaranemi sé skráður í hlutanám frá upphafi. Hámarkstími til meistaragráðu skal þó ekki vera meiri en 50% umfram áætlaðan námstíma.

Framhaldsnámsnefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæði um lágmarkseinkunn til að hefja MS nám, stærð MS ritgerða og hámarksnáms tíma ef sérstaklega stendur á.

7. gr. Samsetning náms

Í námi á skipulögðum MS brautum skal samningur um 30 ECTS lokaverkefni og meistaranámsnefnd liggja fyrir eigi síðar en við upphaf síðara námsárs en námsbrautarstjóri MS brautar hefur milligöngu um slík verkefni og kynnir þau fyrir framhaldsnámsnefnd til afgreiðslu og samþykktar. Samsetningu náms á skipulögðum MS brautum má sjá í námskrá skólans.

Rannsóknatengt meistaranám er byggt upp af 30 eða 60 ECTS rannsóknaverkefni og 60 eða 90 ECTS í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þrjú námskeið (14 ECTS) eru skyldunámskeið:

07.06.03 Vísindaheimspeki/siðfræði (6 ECTS)

07.07.03 Aðferðafræði í framhaldsnámi og rannsóknum (6 ECTS)

07.12.01; 08.12.01 Málstofa meistaranema (2 ECTS)

Hafi meistaranemi í rannsóknatengdu MS námi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði, eða annarri aðferðafræði sem rannsóknarverkefni hans byggir á, í grunnnámi sínu er honum skylt að taka slíkt námskeið.

Nemi í meistaranámi má að hámarki taka 12 ECTS einingar í lesnámskeiðum.

Önnur námskeið skulu vera á meistarastigi við skólann eða aðra viðurkennda háskóla. Gild námskeið í MS námi eru framhaldsnámskeið, sem sérstaklega eru merkt í kennsluskrá, ýmist sem sérstök BS/MS námskeið, MS námskeið, eða MS/PhD námskeið. Í BS/MS námskeiðum skólans eru lágmarkskröfur til einkunna einum heilum hærra til nemanda sem hyggst nýta viðkomandi námskeið til eininga í MS námi.

Einnig er leyfilegt að nota allt að 20 ECTS námseiningar úr BS grunnnámskeiðum við Landbúnaðarháskóla Íslands eða aðra háskóla, sem hluta af meistaranámi, þar sem t.d. kröfur um undanfara framhaldsnámskeiða krefjast slíks. Skal nemi hafa náð einkunn 7 eða herra til þess að fá slík námskeið viðurkennd sem hluta af MS námi.

8. gr. Tengsl við aðra háskóla

Meistaranám getur verið í tengslum við annan háskóla innan lands eða utan, t.d. þannig að neminn taki hluta námsins við skólann eða fulltrúi hans sé aðstoðarleiðbeinandi. Heimilt er að veita meistaraáráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Slíku erindi skal vísað til framhaldsnámsnefndar.

9. gr. Umsjónarkennari og leiðbeinendur

Sérhver meistaranemi skal hafa aðalleiðbeinanda/ábyrgðarmann úr hópi fastra starfsmanna á viðkomandi fræðasviði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi/ábyrgðarmaður leiðbeinir nemanda í rannsóknarverkefni og skal tryggja að fjárhagsleg ábyrgð á rannsóknarverkefni sé vel skilgreind og ljós. Einnig skal tilgreina aðstoðarleiðbeinanda sem jafnframt á sæti í meistaraáráðsnefnd, sbr 12. gr. Nemenda er einnig heimilt að hafa aðalleiðbeinanda sem ekki er starfsmaður skólans, enda uppfylli hann þær kröfur sem gerðar

eru í þessum reglum. Í þeim tilfellum skal nemi einnig hafa ábyrgðarmann úr hópi fastra starfsmanna sem situr, ásamt aðalleiðbeinanda, í meistaraprófsnefnd.

10. gr. Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda

Aðalleiðbeinandi skal ávallt vera lektor, dósent eða prófessor á viðkomandi sviði við Landbúnaðarháskóla Íslands, nema deild heimili annað fyrirkomulag. Ef hann starfar utan skólans þarf hann að jafnaði að hafa lokið doktorsprófi á fræðasviðinu, nema framhaldsnámsnefnd heimili annað, og vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði.

11. gr. Meistaraprófsnefnd

Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfræðingum á sviðinu og er annar þeirra aðalleiðbeinandinn og hinn ýmist aðstoðarleiðbeinandi eða ábyrgðarmaður innan skólans eftir því sem við á. Heimilt er að skipa allt að tvo sérfræðinga til viðbótar í nefndina. Deild skipar meistaraprófsnefndina og síðan sendir formaður framhaldsnámsnefndar þeim skipunarbréf og varðveitir afrit. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar og sjá um próf sem neminn gengst undir ef við á.

Meistaraprófsnefnd fundar með nemanda a.m.k. einu sinni á ári og ritar leiðbeinandi fundargerð og sendir til umsjónarmanns framhaldsnáms, meistaraprófsnefndar og meistaraneðmans, þar sem fram kemur framvinda og staða verkefnis miðað við áætlun. Fullnægjandi framvinda er skilyrði fyrir skráningu á næsta námsári.

Meistaraneði getur skotið ágreiningi við meistaraprófsnefnd til framhaldsnámsnefndar. Meistaraneði getur skotið ágreiningi við framhaldsnámsnefnd til deildarráðs.

12. gr. Prófdómari

Framhaldsnámsnefnd tilnefnir prófdómara sem sviðsstjóri kennslu- og gæðamála skipar, en prófdómari ásamt meistaraprófsnefnd metur lokaverkefni. Prófdómari skal hafa lokið að minnsta kosti meistaraprófi og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Hann skal ekki vera akademískur starfsmaður LbhÍ.

13. gr. Námsmat

Allir meistaraneðmar skulu kynna rannsóknarverkefni sitt opinberlega við Landbúnaðarháskóla Íslands, að viðstaddri meistaraprófsnefnd, a.m.k. tvisvar sinnum. Fyrri erindið (1. málstofa) er haldið þegar nemandinn hefur gengið frá endanlegri rannsóknaráætlun. Þar skal gera stutta grein fyrir rannsóknarverkefninu, aðdraganda þess, markmiðum og helstu aðferðum. Ef einhverjar niðurstöður eru komnar má geta þess stuttlega. Næmar í rannsóknatengdu MS-námi skulu einnig gera grein fyrir áætluðum námskeiðum og hvaða námskeiðum sé nú þegar lokið. Annað erindið (2. málstofa) er haldið þegar hillir undir verklok á fjórðu námsönn á sameiginlegri málstofu framhaldsnema. Þar skal nemandinn kynna niðurstöður verkefnisins og skal greina frá stöðu námskeiða og áætluðum verklokum.

14. gr. Skil og frágangur meistararitgerðar

Um leið og nemandi skilar fullbúinni ritgerð til meistaránámsnefndar, að lágmarki þremur vikum fyrir lokaða vörn, skal hann leggja fram staðfest námsferilsyfirlit.

Meistaraprófsnefnd heimilar að ritgerð sé lögð fram til varnar. Nemandi sendir þá tilbúna ritgerð rafrænt til umsjónarmanns framhaldsnáms til yfirlesturs og samþykkis áður en hún er send til prófdómara og vörn auglýst.

Ef vafi leikur á að ritgerðin standist faglegar kröfur að mati umsjónarmanns, skal ritgerðin borin undir framhaldsnámsnefnd sem ákveður hvort og þá að hve miklu leyti hún þarfnist endurskoðunar.

Um frágang ritgerða gilda nánari fyrirmæli frá kennsluskrifstofu og skilafrestur lokaverkefni skal vera í samræmi við tilgreinda dagsetningu í námsáætlun. Í fyrirmælum skal jafnframt kveðið á um fjölda eintaka lokaverkefni, og skil til bókasafns Landbúnaðarháskólans og Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Koma skal skýrt fram, að verkefnið sé unnið við Landbúnaðarháskóla Íslands, geta skal um leiðbeinendur og deild og rannsóknarstofnun, ef við á, og þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið. Í MS ritgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum skal lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukaflur sem fjallar um verkefnið í heild. Í ritgerð skal vera yfirlýsing um hvert framlag meistaránemans var í rannsóknunum, tekið skal fram hvort aðrir hafa komið að verkinu og hver hlutur þeirra var. Um frágang ritgerðarinnar að öðru leyti vísast til leiðbeininga skólans. Framhaldsnámsnefnd getur þó veitt heimild til að ritgerð sé lokuð tímabundið vegna viðkvæms efnis. Í hverri ritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku og skal skila honum sérstaklega á tölvutæku formi til birtingar á heimasíðu skólans.

Einnig er heimilt að byggja ritgerð á einni eða fleiri fullfrágengum vísindagreinum. Handrit slíkra(-r) greina(-r) þarf ekki að vera birt, en meistaránámsnefnd þarf að meta það tilbúið til birtingar í viðurkenndu vísindariti. Í því tilviki er fyrri hluti ritgerðar byggður upp á sama hátt og ofangreint, en bæði aðferða-, niðurstöðu- og umræðukaflar mun styttri en ef um hefðbundna ritgerð er að ræða. Í sjálfri ritgerðinni er vísað í greinina eða greinarnar. Greinar skal setja upp í samræmi við reglur viðkomandi vísindarits, bæði hvað varðar heimildaskrá og uppsetningu, en uppsetning á ritgerðinni fylgir ofangreindum reglum skólans.

Meistaraprófsverkefni á MS brautum skólans geta lotið öðrum reglum en að ofan greinir, hvað varðar útlit, uppsetningu og frágang, enda hafi þá námsbrautarstjórar sett fram sérstakar reglur um þau atriði í samráði við framhaldsnámsnefnd og kennsluskrifstofu.

Við brautskráningu skal sýnt að nemi hafi verið skráður og greitt skrásetningargjald allan námstímann.

15. gr. Meistaraprófsvörn

Meistaraprófsvarnir eru lokaðar og fara fram að viðstaddri meistaraprófsnefnd, prófdómara og nemanda, auk umsjónarmanns rannsóknarnáms eða annars fulltrúa framhaldsnámsnefndar. Prófdómari leggur þar spurningar fyrir nemanda úr efni ritgerðar, og kemur með ábendingar um breytingar eða lagfæringar á ritgerð, sé þess þörf. Prófdómari gerir umsögn og gefur einkunn fyrir ritgerð og svör nemandans, auk frammistöðu í opnum fyrirlestri (sjá neðar), í samráði við meistaraprófsnefnd. Eftir að lagfæringar hafa verið gerðar á ritgerð, heldur nemandi opinn fyrirlestur.

Opni fyrirlesturinn skal fara fram að öllu jöfnu innan fjögurra vikna eftir vörn og auglýstur með minnst viku fyrirvara, þar sem nemandi kynnir efni ritgerðar, og þar leggur prófdómari aftur spurningar fyrir nemanda. Öðrum viðstöddum er einnig heimilt að spyrja nemanda eftir að prófdómari hefur lokið sínum spurningum. Lokaeinkunn er ákveðin að lokinni kynningunni, þar sem tekið er mið af fyrri ritgerðareinkunn, en einnig af lagfæringum á ritgerð, svörum nemanda og frammistöðu við kynningu verkefnis.

16. gr. Lærdómstitill

Meistarapróf veitir rétt til lærdómstitilsins *magister scientiarum* og notkunar skammstöfunarinnar MS.

17. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands með tilvísun í III. kafla laga um háskóla nr. 63/2006 og laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af framhaldsnámsnefnd LbhÍ og staðfestar af deildarfundum 5. janúar 2017. Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla þá úr gildi reglur Landbúnaðarháskóla Íslands um meistaranám sem samþykktar voru í háskólaráði 19. janúar 2012 og tóku gildi 1. febrúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða

Þeir nemendur sem þegar eru í meistaranámi við gildistöku reglna þessara skulu ljúka námi sínu samkvæmt eldri reglum Landbúnaðarháskóla Íslands um meistaranám frá 1. febrúar 2012 nema samið sé um annað.

Staðfest af háskólaráði 17. mars 2017..